



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 10. október 2014.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands; drög að lagafrumvarpi til breytinga á ýmsum ákvæðum réttarfarslaga

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka ofangreind drög til umsagnar. MRSÍ telur að ýmislegt sem lagt er til í frumvarpsdrögunum sé jákvætt og stuðli að auknu aðhaldi fyrir dómstóla. Má þar nefna samræmdar reglur um skráningu og birtingu dóma, einföldun aðkomu matsmanna sem leiðir væntanlega til lægri kostnaðar og þá breytingu að allar skýrslutökur af brotþola undir 15 ára eigi að fara fram í sérútbúnu húsnæði til þess, sbr. 17. gr. frumvarpsdraganna.

Hins vegar staldrar MRSÍ við breytingar þær sem felast í 7. gr. frumvarpsdraganna, þar sem er lagt til að við 1. mgr. 96. gr. laga um meðferð einkamála verði skeytt orðunum; „eða kröfurnar séu andstæðar lögum óháð afstöðu stefnda.“ Í athugasemdum um greinina segir að með breytingunni þurfi „dómari ekki við úrlausn svonefnds útivistarmáls að horfa til krafna eða málsástæðna sem stefndi kynni að hafa haft uppi hefði hann mætt við þingfestingu máls, heldur gæti hann tekið kröfur stefnanda til greina nema þeir gallar væru á málalíbúnaði hans sem vörðuðu frávísun án kröfu eða kröfurnar væru beinlínis andstæðar lögum...“. Að mati MRSÍ gæti breyting sem þessi hugsanlega leitt til misnotkunar á aðstöðumun þrátt fyrir rúma heimild í XXIII. kafla laga um meðferð einkamála fyrir stefnda til að beiðast endurupptöku slíks máls ef hann telur að réttur hafi verið á sér brotinn við úrlausn þess. Staðreyndin er sú að hér er ekki um raunverulegan möguleika fyrir alla einstaklinga að ræða. Fyrir einstaka hópa samfélagsins getur það reynst erfitt, jafnvel ómögulegt, að taka til varna í dómsmáli vegna þess hve það er kostnaðarsamt að leita aðstoðar lögmanns og skilyrði 3. mgr. 137. gr. um að stefndi verði að setja fram tryggingu fyrir dæmdum málskostnaði eða sanna greiðslu hans getur verið hindrun fyrir marga.

MRSÍ telur að ávallt skuli fara varlega í breytingar þar sem réttaröryggi er að einhverju leyti skert og huga jafnt að þeim hagsmunum sem kunna að vera í húfi. Ber að hafa í heiðri ákvæði 6.gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þar sem kveðið er á um að allir skulir vera jafnir fyrir dómstólunum. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur sagt að réttur til að bera mál undir dómstóla verði að vera virkur og m.a. sé tryggt að einstaklingur sem ekki hefur efni á því að greiða lögmanni geti flutt mál sitt sjálfur og fái leiðbeiningar um það eða þá að honum sé tryggð



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

gjafsókn.¹ Hér á landi eru reglurnar um gjafsókn mjög þröngar og MRSÍ hefur vitneskju um einstaklinga sem hafa ekki haft efni á greiðslu lögmannspóknunar en hefur verið synjað um gjafsókn og því telur MRSÍ rétt að huga vel að réttarvernd málsaðila við þessa breytingu.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

¹ Eiríkur Tómasson; „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í *Mannréttindasáttmáli Evrópu – Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, Bls. 202-203